

L Ö G

73

7. maí

um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra samkv. 10. og 11. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, skulu á árinu 1940 hækka um sömu hundraðstölu og visitala kauplagsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og lög um breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940.

2. gr.

Lífeyrissjóði Íslands heimilast að greiða á árinu 1940 uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, er nemi allt að sama hundraðshluta og visitala kauplagsnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940, enda greiði hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélög tilsvarendi uppbót af sínum hluta.

3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóði Íslands fjárhæð þá, sem sjóðurinn greiðir samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

74

7. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1941 með viðauka.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1941 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.